

Nd.

438. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Lög nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Tekjur af veitingaskatti hafa verið litlar undanfarin ár,

árið 1939	kr. 102610.91
— 1938	— 95905.01
— 1937	— 82572.79

en fyrirhöfn gjaldenda hans vegna og fyrirhöfn og kostnaður við innheimtu hans til-
tölulega mikil. Vitanlegt er, að nokkuð er áhótavant innheimtu skattsins, og verður
þar varla innheimtumönnum rikissjóðs um kennt, með því að nægilegt eftirlit með
því, að rétt sé fram talið til skattsins, mun kosta meiri vinnu og meira fé en kráfið
verður af þeim.

Vegna hækkunar verðlags frá því er styrjöldin hófst hafa ýmis ákvæði veitinga-
skattslaganna gengið úr skorðum, t. d. ákvæði 2. gr. og 3. gr.

Fjármálaráðherra telur því rétt, að hætt sé að innheimta veitingaskatt, en í þess
stað sé innheimt 5 aurum hærra innlent tollvörugjald á lítra af gosdrykkjum og öli.
Sú hækkun mundi ekki hafa í för með sér neina hækkun á kostnaði við innheimtu
tollvörugjaldsins, en tekjur af henni mundu nema allt að þeirri fjárhæð, sem rikis-
sjóður missti vegna afnáms veitingaskattsins.

Loks er þess að geta, að það munu að mestu vera sömu gjaldendurnir, sem verða
fyrir því að greiða hækkunina á innlenda tollvörugjaldinu, og þeir, sem njóta hags-
muna af því, að veitingaskatturinn er felldur niður.